

1871.

4. júlí.

kallsins, auk tillags til uppgjafapresta og prestekna samkvæmt tilsk. 15. desbr. 1865, 7. gr., að Grímseyjarprestakall skuli metið 202 rd. 49 Sk., og miðlað hér á eptir verði haldin guðspjónustugjörð á víxl þriðja hvern helgan dag í Saurbæjar, Miklagarðs og Hóla kirkjum. Þetta gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þær ráðstafanir verði gjörðar, sem með þarf.

4. júlí.

66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um próf í forspjallsvísindum fyrir þá, sem stunda læknisfræði í Reykjavík.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsett 22. febrm. þ. á., og skrifazt hafði verið á við kirkju- og kennslustjórnina um málið, hefir hans hátígn konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 30. f. m. allramildilegast að fallast á:

að þeim, sem nema læknisfræði í Reykjavík, verði hér eptir gjört að skyldu, að hlýða á þá fyrirlestra yfir sálarfræði og hugsunarfræði, sem haldnir eru á prestaskólanum þar, og, að af loknu kennsluskeiði, að ganga undir próf í tæðum vísindagreinum;

að kennendur prestaskólans haldi þetta próf undir umsjón biskups, þannig, að kennarinn í forspjallsvísindum reyni þá, sem undir prófið ganga, og hinir tveir kennararnir sè meðdómendur við prófið, og

að nefnd læknisefni verði að minnsta kosti að hafa náð einkunninni vel við próf þetta, til þess að þeim geti leyft að ganga undir burtfarapróf í læknisfræði; þó skuli læknisefni eigi með þessu öðlast hlutdeild í ölmusum prestaskólans, sem eins og hingað til aðeins eru ætlaðar þeim, sem stunda guðfræði á prestaskólanum.

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, hère með til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér gjörð þær ráðstafanir, sem með þarf.

1871.

4. júlí.

67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um réttindi handiðnamanns til húsmennsku.

10. júlí.

Með bréfi 10. maí þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem skóari Benidikt Halldórsson Vídalín hefir borið sig upp undan því við amtið, að bæjarstjórnin á Akureyri vili þröngva sér til, að fara úr kaupstaðnum, eptir að hann hafi haft stöðuga dvöl þar í hèreumbil 8^{1/2} ár, enda þótt sér hafi verið leyft fyrir nokkrum árum að dveljast þar, reyndar aðeins um tiltekinn tíma, og jafnframt og þér getið þess, að bæjarstjórnin að yðar áliti hafi farið út fyrir vald sitt með því, að veita slík leyfi með skilmálum, sem ekki eru lög til samkvæmt tilskipun 26. maí 1863,¹ og verði að skoda þessi ólögætu, skilmálum bundnu, leyfi sem veitt skilmálalaust, án þess það geti gjört nokkurn mun, að sækjandinn í þessu tilfelli hafði lofað skriflega, til þess að fá frest til að flytja sig burt, að fara úr bænum að fardögum 1872, hafið þér borið málið undir úrskurd stjórnarráðsins.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að það leiðir af skýrum orðum í tilsk. 26. maí 1863, 12. gr. 1. staflíð, sbr. niðurlagið á 2. staflíð í sömu gr., að sveitarstjórnin aðeins hefir heimild til annaðhvort að veita einhverjum ótakmarkað leyfi til þess að vera húsmáður í sveitinni, eða synja um leyfið með ástæðum fyrir synjuninni, en til þess hefir hún ekki vald: að veita leyfi, sem bundið er við

1) Tíðindi um sjónarmálefni Íslands, I., 703.